

**612. fundur haldinn þriðjudaginn 1. júní 1999 kl. 9:00
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

Mætt:

Tómas Ingi Orlích, formaður
Stefán Sigurðsson, fulltrúi SAF
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Þórunn Gestdóttir, varamaður Kristjáns Þórs Júlíussonar
Einar Bollason, varamaður Jóns Kristjánssonar
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 611. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Staða ýmissa verkefna hjá Ferðamálaráði.

Ferðamálastjóri fór yfir minnisblað, sem dreift hafði verið. Nokkar umræður og fyrirspurnir um einstaka þætti.

Afgreiðsla: Samþykkt að dreifa minnisblaðinu með fundargerð.

3. Tillaga fjölmiðlabikarsnefndar.

Afgreiðsla: Frestað

4. Lagður fram ársreikningur Ferðamálasjóðs

Afgreiðsla: Frestað og samþykkt að óska eftir að starfsmaður sjóðsins komi á fund ráðsins.

5. Kosning varamanns í stjórn Upplýsingamiðstöðvar.

Afgreiðsla: Þórunn Gestsdóttir tilnefnd sem varamaður Jóns Kristjánssonar.

6. Málefni Leiðsöguskólans.

Rætt um núverandi fyrirkomulag, kosti og galla þess. Velt var upp hugmyndum að breytingum bæði á formi og innihaldi þessa náms.

Afgreiðsla: Samþykkt að formaður og ferðamálastjóri vinni tillögur til umræðu á næsta fundi.

7. Fundardagar sumarsins.

Afgreiðsla: Næstu fundir: Akureyri 7. júlí kl 16:00 og Í Reykjavík 17. ágúst kl 11.30

8. Önnur mál.

a) Ferðamálastjóri kynnti hugmyndur um samræmt og breytt útlit á efni ráðsins þar með talið á bréfsefni og breyttri útfærslu á merki.

Afgreiðsla: Samþykkt að vinna í samræmi við fyrirliggjandi tillögu að breyttu útliti .

b) Borist hafði bréf frá bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar varðandi afgreiðslu Ferðamálaráðs á síðasta fundi vegna fjárveitinga til upplýsingamiðstöðva. Í bréfinu kemur fram áætlun um nýtingu fjárveitingarinnar. Fundarmenn töldu að betur þyrfti að skoða þær hugmyndir áður en gengið yrði til samninga.

Afgreiðsla: Ferðamálastjóra og formanni Ferðamálasamtaka Íslands falið að ræða við bæjarstjóra um framhald málsins.

c) Tekið fyrir bréf frá bæjarstjóra Hornafjarðar, þar sem þess er farið á leit við Ferðamálaráð að það "endurskoði nú þegar ofangreinda samþykkt sína þannig að rekstraraðila upplýsingamiðstöðvarinnar á Höfn standi til boða að gera sams konar samning við Ferðamálaráð og sá sem er í undirbúningi að gera á Egilsstöðum"

Afgreiðsla: Erindinu er hafnað og ferðamálastjóra falið að svara erindinu með skýringum.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 11:00